

Reykjavík, 27. apríl 1998

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um dánarvottorð.

Biskupsembættið hefur fjallað um ofangreint frumvarp einkum með tilliti til breytinga sem felast í 10. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um að nú skuli sýslumenn taka við dánarvottorðum og bera ábyrgð á skilum þeirra til Hagstofu Íslands í stað þess að prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga annist þessi skil eins og er nú.

Hér er um að ræða breytingu sem stuðla mun að aukinni skilvirkni við skil þessara vottorða og hefur biskupsembættið ekkert nema gott um það að segja.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindi þessu.

Virðingarfyllst,

